

Húnabyggð
Börkur Þór Ottósson
Hnjúkabyggð 33
540 Blönduós

Garðabær, 19. desember 2024
Málsnúmer: 202411-0057
IAS

Efni: Skilgreining nýrra efnistökusvæða. Breyting á aðalskipulagi. Kynning tillögu á vinnslustigi.

Við er í erindi frá Húnabyggð frá 28. nóvember 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um breytingu á aðalskipulagi vegna nýrra efnistökusvæða, kynning tillögu á vinnslustigi.

Um er að ræða sex efnistökusvæði, fimm ný og eitt sem er stækkað.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsingu fyrr á þessu ári og ítrekar hér þær ábendingar sem þar voru setta fram.

Hnúksnáma, Nautabúsnáma, Tindaleiti (Leitisás) og Hjalli, Syðri Löngumýri eru í námuskrá Vegagerðarinnar.

Efnisgerð Hnúksnámu er skráð malarhjalli og blágrýti. Efnistaka verður aukin úr 45.000 m³ í 200.000 m³ og flatarmál fer úr 1,7 ha í 5,6 ha.

Nautabúsnáma er skráð fullfrágengin og efnistöku lokið, efnisgerð er óskráð í námuskrá en í tillögunni kemur fram að efnið er mól með fínefnum. Hér þarf að opna námuna á ný og er fyrirhugað að taka 200.000 m³ á 2 ha.

Hjalli Syðri Löngumýri er skráð sem óopnuð setnáma í árhjalla, hér á að taka 200.000 m³ á 2 ha.

Tindaleiti (Leitisás) er skráð frágengin með vottun, efnisgerð er botn- eða leysingarruðningur og tekið er fram að efni sé búið. Hér á að taka 300.000 m³ á 13,1 ha.

Ás gegnt Tindum og Suðurás eru nýjar námur sem ekki eru í námuskrá en úr báðum verður unnin jökulruðningur og klöpp. Við Ás gegnt Tindum verður náman 7 ha og þar er fyrirhugað að taka 350.000 m³. Náman Suðurás er um 6,5 ha og þar verður heimilt að vinna 200.000 m³.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna og kemur með eftirfarandi ábendingar. Efnistökusvæðin eru utan friðaðra svæða og annarra svæða á náttúruminjaskrá en Hnúksnáma og Nautabúsnáma eru í næsta nágrenni við svæðið Hóp-Vatnsdalur sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt á B-hluta náttúruminjaskrár vegna vistgerða, fugla og sela og Nautabúsnáma er skammt frá náttúruvættinu Kattarauga. Sethjallar og aðrar jarðminjar frá lokum ísaldar geta gefið upplýsingar um hörfun jökla á síðjökultíma og á sama tíma henta þær oft vel til efnistöku.

Þó að þær njóti ekki formlegrar verndar er mikilvægt að farið sé varlega í efnistöku og einhverjum svæðum hlíft. Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við þá umhverfisþætti sem verða skoðaðir þegar áhrif framkvæmdanna verða metin.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in purple ink that reads "Ingvar Atli Sigurðsson". The signature is fluid and cursive, with a long horizontal stroke at the end.

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

